

„Harpa er í mörgu ekki vel byggð“

Eftir Örnólf Hall

Það segja á þriðja hundrað mynda undirritaðs o.fl. teknar reglulega frá vorinu 2010. Myndavélin segir varla ósatt. Aðeins svokallað Fasteignasvið Hörpu svaraði undirrituðum (nafnlaust með rýr og fullyrðingasöm svör frá Hörpu sem birtust í Morgunblaðinu 16.5. sl.).

– Ryðmyndanirnar: Fasteignasviðið segir ryðpunkta á einstaka stað og margbrotið varnarkerfi sé til hjálpar hjúpi. En til er fjöldi mynda af ryðstöðum (síðar yfirmáluðum) í safninu. Kostnaðurinn við gallavegginn fyrri: Verktaki greiddi ekki bara einn. Við skattborgarar greiddum líka milljónahlut í gallaveggnum samkvæmt svari frá fv. ráðherra menntamála á Alþingi (22/3/2011) um kostnað vegna tjóns verkkaupa (fyrirspurn M.A. 15/2/2011). Fjórir aðilar áttu að fylgjast með vegg-„smíðinni“: Verktakar og aðilar í eftirliti og prófun, en brugðust.

– Ófagrar málmsuður, málmsmíði og samsetningar: NB: Það er fasteignasvið sem gerir lítið úr þessu! Hörd var gagnrýni málmáæknimanna (VM okt. 2011): „Hrákasmíði í Hörpu.“ (VM okt. 2011). Aðspurðir verk- og tæknifræðingar í stáltækni og fagmenn í járnsmíði eru heldur ekki hrifnir. Sílikonfúgurarnar: Efnaverkfræðingur taldi að fúgurarnar væru viðkvæmar fyrir sjávarsöltum barning, rykblæstri, bílasóti, sterkum sólskini o.fl. Sagði að við bestu aðstæður entust sílikonfúgur um 20 ár. Tekst það á versta illviðrastað borgarsvæðisins? Áfram sjást ófagrar fúgur. NB: Margbrotna drenkerfið undir fúgunum hefur stíflast.

– „Nokkrum rúðum“ var skipt út vegna galla er sagt: Til eru myndir af fjölda gallarúða. Fyrirverandi



Örnólfur Hall

gluggaþvottamaður sagðist hafa séð margar finnispaðar og mattar rúður.

– Bratti, langi aðalstígin (neyðarstígin): Undanþágu byggingarfulltrúa á palllausum stiganum og á handriðum finnum við koll-egar hvergi í upplýsingaveitu hans:

„Erindreka“. Alþjóðleg hönnunarbók, Neufert, sem er hönnunarbíblía-

allra arkitekta, segir um leik- og tónlistarhús: Ekki séu fleiri en 18 þrep og svo komi pallur. Meira að segja fulltrúi Vinnueftirlits sagðist hafa áhyggjur af starfs- og ræstingafólki við lágu handriðin. Hver er ábyrgur ef gestur slasast vegna stigans eða handriða? Eru til svör við því?

– Handriðin hættulegu: Það sætir furðu að dönsku arkitektarnir skyldu ekki fengnir til að leysa fremstu röðina á svölunum betur með meira rými fyrir fram til að mynda aðlögun að löglegu hærra handriði til öryggis (án skerðingar á sjónlínu). Máttu þeir líta til nýrra tónlistarhúsa þar sem vel hefur tekið til. – Nú eru gerðar mun meiri kröfur til öryggis fólks en á síðustu öld. – Enginn er þess umkominn að gefa afslátt á öryggi gesta í Hörpu. Enda fann aðspurður fulltrúi byggingarfulltrúa ekkert í „Erindreka“ hans um undanþágu.

– Sjónsteypan ófagra: Sjónsteypan er víða flekkótt og misbrýnd, skellótt, æðótt og ótútleig, sérlega á austurhlíð og sjávarvegg. – Þessu eru margir verkfræðingar sammála. Skyldu viðkomandi verkfræðistofur, NMÍ og Steypufélagið, vera ánægðar með steypuna?

– Flísalögnin gagnrýnda: Myndir eru til af mislögn í hæð og breidd og flísavöntun í horn. Efla hefði átt að skoða betur.

– Af fv. óvarlegum eldi í Eldborgarsal og um stóra vá: Eldur gerir



Harpa Hjúpur krefst mikillar hjúkrunar.

» Meira að segja fulltrúi Vinnueftirlits sagðist hafa áhyggjur af starfs- og ræstingafólki við lágu handriðin.

ekki boð á undan sér frekar en önnur vá t.d. stór jarðskjálfti. – Vökull verkfræðingur sendi undirrituðum mynd af hornpunkti strendings gallaveggjarins þar sem greinilega sést sprunga. Getur þetta gerst í nýja veggnum í stórum jarðskjálfa, spurði sá sami?

– „Úttektin“ á aðgengi sjóndapurra: Aðspurður aðgengisfulltrúi Blindrafélagsins (27/5) kannaðist ekki við nefnda úttekt. Sjá líka um sjóndapur: Byggingarreglur nýrrar MVS: þar segir m.a.: Tröppunef

skulu merkt, aðalanddyri vel merkt og fyrirstaða sé við stigavængi frá 220 cm h. og niður o.fl.

– Aðgengi og aðstaða fatlaðs fólks: Ekkert er minnst á það enda finnst ekki úttekt þar um. – Félög fatlaðs fólks voru ekki höfð með í ráðum en ung fötluð kona í hjólastól tók sig til og framdi einskona mótmæla-„gjörning“ (m.a. varalitaði aðfinnslur á v.s.-spegla) um niðurlægjandi leið sína um húsið og sérstaklega inn í Eldborgarsal með löðsum um sérhurð og lyftupall. Síðan um þreytandi hjólastólsetu í salarhalla.

– Bómukranablarnir fjölbreyttu: Fjölmargar myndir eru til af þeim, margskonar, með víðgerðarmenn í körfum við hjúpstörf. Líka af ati við þök og kanta. – Engin flutningalyfta er í húsinu (stór galli) og þarf að hifa ýmis efni inn utan frá.

– Af „Erindreka“ byggingarfull-

trúa: Fasteignasvið nefnir 3.000 svokallaðar úttektir Eflu þar. Þetta stenst ekki (ekki til): Undirritaður og kollegi hans hafa reynt að fá umbeðnar úttektir og upplýsingar um ábyrgðir, án árangurs.

Nýlega var aftur komið að tómun kofa embættisins í „Erindreka“ (tveir fulltrúar þess fundu ekki umbeðin efni). – Sagt er að aðalvertakarnir hafi séð um hjúp, framkvæmd og úttekt s.s. verið báðum megin við borðið. Engar úttektir finnast um hjúp í „Erindreka“. – NB: Pistill um óveðursþol Hörpu (t.d. óveðrin 2/11/12-30/11/14 & 16/12/14) rúmast ekki með hér. Sjá líka ósvarað efni í fyrri grein. – NB: Enginn þriðji aðili, óháður verkinu, var fenginn til að fylgjast með hraðri Hörpu, smíðinni.

Höfundur er arkitekt.



Ljósmyndir/Örnólfur Hall

Ísótópar og samsætur

Eftir Eysteinn Pétursson

Ekki get ég, fremur en margir aðrir, komist hjá því að hafa áhyggjur af framtíð íslensku. Margar eru hætturarnar og sýnist sitt hverjum, hver sé mesta ógnin. Litill vafi er á því í mínum huga, að spjaldtölvur, snjallsímur og önnur viðlíka tæki eiga mikinn þátt í því að mörgum ungmönnum lætur betur að tjá sig á (hálf)ensku en íslensku. Ekki sér fyrir endann á þróuninni á svona tækjum og vel get ég tekið undir orð Eiríks Rögnvaldssonar prófessors, um að mesta ógnin sem að íslenskunni stafar sé sú að ekki takist að láta málið fylgja þeirri þróun. Á þann veg má einnig skilja orð Reynis Vilhjálmssonar í grein sem hann skrifaði í Morgunblaðið föstudaginn 29. maí sl. Þar telur hann líka, að of mikið sé gert af því að finna „alíslensk“ orð yfir erlend. Ég get vel tekið undir þessi orð hans, þótt í þeim efnun hafi margt verið afbrigðislegt gert, t.d. orðið *veira*, sem er þýðing Vilmundar Jónssonar á orðinu *virus*, sem annar ágætur maður taldi sömasamlegt orð, t.d. beygðist það eins og prímus – sem líklega hefur enn ekki verið þýtt á „göða“ íslensku, en er eins og flestir sem komnir eru yfir miðjan aldur vita eldunartæki. (Var reyndar í annarri útfærslu notaður í mínu ungðæmi meðal annars til að sviða kindahausa og hita tól til



Eysteinn Pétursson

brennimerkingar sauðfjár).

Tílefi þessara skrifa minna er þó einkum orðið „ísótóp“, sem Vilhjálmur nefnir í grein sinni. Þetta er orð sem kannski skiptir ekki miklu máli fyrir þróun málsins, því að fæstum er það samt á tungu og ekki margir vita hvað það í raun stendur fyrir. Jafnvel „innvígðir“, eins og starfsfólk Ísótópa-

stofu Landspítalans, geta átt erfitt með að skýra hvað um er að ræða, en ósjaldan kemur fyrir að sjúklingar sem leita á áður nefnda stofnun spyrji, hvað þetta orð merkir. Þetta orð hefur, eins og Vilhjálmur bendir á, verið þýtt sem *samsæta*. Þá er vísað til þess að ísótópar hafa sama „sæti“ eða númer í lotukerfinu (ágætt orð yfir The Periodic System), þar sem talin eru upp öll frumefni sem þekkt eru. Þetta númer hefur svo verið kallað *sætistala* (e. Atomic Number, eða „atómnúmer“), og segir það til um fjölda róteinda (e. protons) í kjarna frumefnisins. Ísótópar eru þannig mismunandi afbrigði sama frumefnis, hafa allir sömu sætistölu og sama fjölda róteinda, en mismunandi fjölda nifteinda (e. neutrons (hlutlausar agnir)), og eru því misþungir. Eru þannig allir á sama stað í lotukerfinu og þannig er enska heitið „isotope“, tilkomið (úr grísku: isos = sami; topos = staður). Þannig mætti þýða orðið ísótópur sem *samstæða* eða *samstæða*, allt eins og *samsæta*.

» ... finnst mér fyrstu þrjú atkvæðin svo keimlík að það þurfi að bæta aðeins við þau. Á þennan hátt fær orðið líka á sig meiri íslenskan blæ ...

Á því er þó sá hængur, að þessi orð eru fyrir í málinu í annarri merkingu (vissulega eru þó dæmi þess að sama orðið sé til í mismunandi merkingu í málinu). *Jafnstæða* eða *jafnstæða* kæmi einnig til greina.

Pegar Ísótópastofa Landspítalans var stofnuð var orðið samsæta held ég ekki komið til sögunnar fyrir orðið ísótópur, en eftir að það varð til komu aðvitað upp hugmyndir um – og jafnvel þrýstingur á – að nafni Ísótópastofunnar yrði breytt. Mér og fleirum hugnaðist hins vegar ekki að kalla hana Samsætustofu, fannst að það orð gæti leitt til hugrenninga um að þarna sætu menn bara og drykkju kaffi – eða jafnvel eitthvað sterkara – og kjöftuðu. Jafnstæðustofa eða Jafnstöðustofa hefði verið litlu betra, og Samstöðustofa eða Samstæðustofa hefði líka getað leitt til mis-skilnings, þótt segja megi e.t.v. að síðasta orðið sé hvað skást af þessu öllu. En þá hefði líka orðið að breyta þýðingunni á orðinu ísótópur úr samsætu í samstæðu.

Þetta var svo sem ekki ýkja mikið rætt á sínum tíma, Ísótópastofan stóð óhögguð, undir nafni, og ekkert nema gott við það, að þeir sem þang-

að þurftu að leita veltu því fyrir sér hvað ísótópur væri. Ein lítill saga ber þó vitni um framandleika orðsins. Eitt sinn hringdi ég á skrifstofu flugfélags eins, sem hét Flugleiðir, og það um að mér yrði send sum-aráætlun félagsins á Ísótópastofu Landspítalans. Stuttu seinna barst mér bréf með svofelldri utanáskrift: Eysteinn Pétursson, Ís- og tóbaksstofan, Landspítali, Reykjavík. (Var það kannski hugmyndin um samsæti, sem olli nafnbrensluninni?)

Að síðustu, og það sem kannski varð kveikjan að þessari grein: Reynir hefur þetta merkilega fyrirbæri, ísótóp, í hvorugkyni í grein sinni. Það líkar mér engan veginn. Ég hef ávallt, alveg frá því að ég kynntist þessu orði í menntaskóla, haft það í karlkyni og svo hygg ég að flestir hafi löngum gert. Enda þótt mörg orð endi á -óp í íslensku finnst mér sú ending frekar snautleg, og þótt orðið frumefni sé hvorugkyns og ísótópur ein gerð frumefnis finnst mér fyrstu þrjú atkvæðin svo keimlík að það þurfi að bæta aðeins við þau. Á þennan hátt fær orðið líka á sig meiri íslenskan blæ, þ.e. sker sig meira úr nágrannalandamálunum, þar sem þetta heitir yfirleitt *isotop* eða *isotope* (frb. æsótóp). Á grísku er heitið *isotopo*, sem sagt fjögur atkvæði í framburði, og þannig er ísótópur nær upprunnum en ísótóp. Auk þess fæst þarna skýr munur á eintölu og fleirtölu, og hlýtur það að vera til bóta.

Höfundur er eðlisfræðingur með áhuga á íslenskri tungu o.fl.

Móttaka aðsendra greina

Morgunblaðið er vettvangur lifandi umræðu í landinu og birtir aðsendar greinar alla útgáfudaga.

Þeir sem vilja senda Morgunblaðinu greinar eru vinsamlega beðnir að nota innsendikerfi blaðsins. Kerfið er auðvelt í notkun og tryggir öryggi í samspiltum milli starfsfólks Morgunblaðsins og höfunda. Morgunblaðið birtir ekki greinar sem einnig eru sendar á aðra miðla.

Að senda grein

Kerfið er aðgengilegt undir Morgunblaðslóginu efst í hægra horni forsiðu mbl.is. Þegar smelt er á lógóið birtist felligluggi þar sem liðurinn „Sendu inn grein“ er valinn.

Í fyrsta skipti sem innsendikerfið er notað þarf notandinn að nýskrá sig inn í kerfið. Ítarlegar leiðbeiningar fylgja hverju þrepi í skráningarferlinu. Eftir að viðkomandi hefur skráð sig sem notanda í kerfið er nóg að slá inn kennitölu notanda og lykilorð til að opna svæðið. Hægt er að senda greinar allan sólarhringinn.

Nánari upplýsingar veitir starfsfólk Morgunblaðsins alla virka daga í síma 569-1100 frá kl. 8-18.